

Erindi til Innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar

Efni: Varðandi samning um ferjusiglingar til og frá Viðey, leigu og rekstur veitingasölu í Viðeyjarstofu og annan rekstur í Viðey.

Núgildandi samningur er við Eldingu, er til 4 ára með gildistíma til 1. apríl 2021. Honum var komið á með samningsviðræðum og hafði innkaupaskrifstofa umsjón með ferlinu. Innkaupaferlið var undanskilið útboðsskyldu með vísun í 13. gr. þágildandi innkaupareglna Reykjavíkurborgar ásamt 21. gr. laga um opinber innkaup samkvæmt II. viðauka B tilskipunar 2004/18/EB, en ferjusiglingar töldust falla undir flutning á sjó og vatnaleiðum.

Frá haustmánuðum 2020 hefur verið stefnt að og unnið að undirbúningi á útboði um ofangreinda þjónustu í Viðey. Vegna þeirrar stöðu sem uppi hefur verið í þjóðfélaginu og á heimsvísu, í tengslum við Covid-19 faraldurinn, höfum við þó fyllst efasemdum um að slíkt útboð sé góður kostur á þessum tímapunkti, ekki síst vegna allrar þeirrar óvissu sem enn sér ekki fyrir endann á.

Fjöldi farþega út í Viðey hefur hrunið og sértekjur samhliða því. Munar mest um brotthvarf erlendrar ferðamanna, sem eru í eðlilegu árferði stór hluti gesta Viðeyjar, en einnig vegna lokana í vor og haust í kjölfar hertra sóttvarna. Að sama skapi hefur dregið verulega úr sérferðum með hópa ferðamanna í siglingar til Viðeyjar, s.s. í tengslum við Friðarsúlu Yoko Ono og þá hefur aðsókn að veitingastað og í sérstaka viðburði á vegum þjónustusala nánast þurrkast út. Rekstur veitingarstaðar var þungur allt síðasta ár.

Áætlunarferðir til Viðeyjar mikilvægar, m.a. til að tryggja almannasamningur við eyjuna. Þær eru snar hluti af starfi Borgarsögusafns og það á ekki síst við um þjónustu við heimamenn. Viðburðadagskrá á vegum safnsins gekk vel í sumar og nýttu heimamenn sér það sem í boði var. Vonir standa til að starfsemin í sumar 2021 geti orðið með svipuðu sniði sem og þeirri viðbót að Borgarsögusafn í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur hefur unnið að endurbótum á Skólahúsinu og unnið að námskeiðshaldi og fræðslu fyrir ungmenni í Viðey í sumar með styrk frá Barnamenningarsjóði. Í grundvallaratriðum eru þessar siglingar mikilvægar fyrir Reykjavíkurborg til að tryggja aðgengi almennings að þessari einstöku perlu í borgarlandinu. Þá skal nefna að kjölfesta í siglingum til Viðeyjar og örugg viðbrögð varðandi ferjusiglingar eru gríðarlega mikilvægt öryggismál, ef bregðast þarf við óvæntum aðstæðum úti í eyju, þar sem ómetanleg menningarverðmæti er að finna. Af þessum sökum er nauðsynlegt að halda úti ferjusiglingum í sumar og vetur 2021 sem byggir á núverandi samningi.

Heildarútgjöld á sl. fjórum árum vegna núverandi samnings voru 52.479.458 kr. Heildarútgjöld vegna framhaldskaupa fyrir tímabilið 1 apríl -31 desember 2021 nemur 19,2% af núverandi samning eða 10.085.022 kr.

Samkvæmt 30 gr. Innkauparegna Reykjavíkurborgar, að þegar kaupandi þjónustu þykir æskilegt eða nauðsynlegt sé að gera samningsviðauka við samning og fjárhæðir eru yfir 5.000.000 kr. Í þjónustukaupum skal afla samþykkis innkaupa- og framkvæmdaráðs fyrir því fyrirfram.

Að þessu sögðu, í ljósi þessarar sérstakra aðstæðna í samféluginu og þeirri óvissu sem hún hefur skapað, teljum við nauðsynlegt og æskilegt að gera samning við Eldingu um að framlengja núverandi samning út árið, til 31. desember 2021 því með vísan í 30 gr. innkaupareglna Reykjavíkurborgar. Það myndi tryggja lágmarksþjónusta skv. eldri samningi í sumar 2021 og fram til áramóta.

Samtöl hafa farið fram, skuldbindingalaust, við forsvarsmenn Eldingar um þann möguleika og var tekið jákvætt í það. Við starfsfólk sem vinnum með málefni Viðeyjar á Borgarsögusafni erum sannfærð um að það sé besti kosturinn í stöðunni, til að tryggja hagsmuni Reykjavíkurborgar, menningarlega og fjárhagslega og styður sviðsstjóri MOF þá afstöðu. Í kjölfar þessa stefnum við að því að nota sumarið til að meta stöðuna og endurskilgreina mögulega ákveðin atriði í eldri samningi sem nýtist svo við gerð nýs heildarútboðs í lok árs 2021.

Í fjárhagsáætlun Borgarsögusafns fyrir árið 2021 er fjárheimild til kaupa á þeirri þjónustu og ferjusiglingum sem samningur þessi felur í sér út árið 2021 og eru því framlenging á samningi innan fjárhagsramma safnsins.

Óskum við eftir heimild innkaupa- og framkvæmdaráðs til að framlengja samninginn eins og hér er að framan lýst.



Guðbrandur Benediktsson
safnstjóri Borgarsögusafns Reykjavíkur